



Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu  
Pétur Ingi Haraldsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

**Umhverfisstofnun**  
Environment and Food Agency of Iceland  
Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland  
(+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 19. febrúar 2007  
Tilvisun: UST20061200058/óaj

### Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Klausturhóla, Grímsnes- og Grafningshreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps dags. 20. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Klausturhóla.

Umrætt deiliskipulagssvæði er um 20 ha að stærð og er gert ráð fyrir 28 frístundahúsalóðum innan svæðisins. Stærðir einstakra lóða eru frá um 0,5 ha til 0,7 ha. Gert er ráð fyrir opnu sameiginlegu útvistarsvæði og gönguleiðum sem verða stikaðar og lagðar í landinu. Samkvæmt byggingarskilmálum mega hús ekki vera stærri en 150 m<sup>2</sup> en auch þess er heimilt að reisa smáhýsi/geymslu að hámarki 25 m<sup>2</sup> að stærð.

Deiliskipulagssvæðið er á náttúruminjaskrá, Kerhóll við Seyðishóla og er svæði lýst á eftirfarandi hátt í skránni:

*Kerhóll við Seyðishóla, Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Kerhóll ásamt spildu umhverfis, sem afmarkast af vegum. Að suðvestan 400 m spilda út frá gígnum. (2) Tilkomumikill gjallklepragigur, ein af tólf eldstöðvum er mynduðu Grímsneshraun.*

Umhverfisstofnun bendir á að Kerhóll og umhverfi hans njóta einnig sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Samkvæmt framangreindri lagagrein skal forðast röskun eldvarpa, gervigíga og eldhrauna eins og kostur er.

Sú frístundabyggð sem hér um ræðir er í suðvesturhluta svæðis sem er á náttúruminjaskrá og í nokkurri fjarlægð frá Kerhól. Að mati Umhverfisstofnunar eru ekki líkur á að verndargildi Kerhóls skerðist við byggingu fyrirhugaðra frístundahúsa og gerir stofnunin því ekki athugasemdir við staðsetningu frístundahúsanna innan framangreinds svæðis á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að umhverfis náttúrumyndanir sem þessar sé svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð til þess að þær fái notið sín og jarðfræðilegu samhengi jarðmyndana sé ekki raskað. Því telur Umhverfisstofnun að ekki ætti að skipuleggja meiri frístundabyggð innan framangreinds svæðis sem er á náttúruminjaskrá en þá sem hér er til umfjöllunar. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að stefna að því að gigurinn og svæði umhverfis hann verði friðlýst.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir göngustíg í

UST

gegnum hverfið. Stofnunin bendir á að stíglarinn tengir ekki nema að hluta fyrirhugaða frístundabyggð við hið opna svæði sem tekið er frá til sérstakra nota.

Virðingarfyllst

Olafur A. Jonsson  
Sérfræðingur

Helgi Þorisson  
Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun